

WorkQual project 2014 – 2016

Bakgrunnur og markmið.

WorkQual verkefnið má segja að sé hið fjórða í röð verkefna sem fjalla um aðild þriggja aðila að vinnustaðanám. Nemi, skóli og vinnustaður bera ábyrgð á því og þurfa að vita sitt hlutverk.

Fyrsta verkefninu var stýrt frá Lettlandi ProVoTrain (2005 – 2007). Þar var einblínt á það hvernig nemi öðlast hæfni í vinnustaðanám en um leið útbýr hann vinnubók (Portfolio of Evidence PoE) til að sýna að hann hafi náð færni, lokið við verkefni og öðlast reynslu samkvæmt markmiðum námsins.

Annað verkefnið var POETE Portfolio Of Evidence To Europe (2008-2010) og þar var áherslan á kennara og aðra leiðbeinendur og hlutverk þeirra varðandi þjálfun á vinnustað.

Þriðja verkefnið Workmentor (2011 – 2013) fjallaði um námskeið fyrir starfsfóstra á vinnustaðnum til að hægt sé að styðja nemann sem best.

WorkQual verkefnið mun tengja allt þetta saman og setja upp staðlað vinnuferli fyrir alla aðila..



Almennt markmið WorkQual.

Verkefnið miðar að því að stilla upp vinnuferlum og rýna þá sem hluta af gæðakerfi. Þetta kerfi ætti að vera hægt að nýta sem viðmið fyrir margvíslegar mismunandi gerðir vinnustaðanáms. WorkQual verkefnið skoðar aðferðir og leiðir við skipulagningu og eftirlit með vinnustaðanám en ekki innihald náms og þjálfunar. Hvort sem um er að ræða sjúkraliðanema í verknám eða iðnnema á samningi ætti að þurfa að taka fyrir og taka tillit til sömu atriða að mestu.

Hvað er gert í verkefninu?

Unnið verður í eftirfarandi þáttum:

- 1 Við munum spyrja aðila, sérstaklega vinnustaði um það hvaða atriði þeir leggja áherslu á að þurfi að skoða þegar vinnustaðanám er skipulagt.
- 2 Safna upplýsingum um vinnulag, dæmum um eyðublöð og annað frá samstarfslöndunum til að nýta þegar vinnustaðanám er skipulagt.
- 3 Setja upp ramma fyrir vinnuferli og skjöl sem þarf að nota samkvæmt reglum um gæðakerfi.
- 4 Innri rýni í einum skóla mun taka út dæmi um vinnuferli, einnig munu við sýna vinnuveitendum handbókina og óska eftir umsögnum og athugasemdum.
- 5 Birta handbók með rammanum og kynna afurðina á lokafundi þar sem boðið er aðilum úr skólum, af vinnustöðum og fleiri hagsmunaaðilum. Að lokum verður handbókin birt og opnuð öllum sem geta nýtt hana.



Erasmus+